## Árneshreppur

**From:** Árneshreppur <arneshreppur@arneshreppur.is>
**Sent:** 20. desember 2018 15:40
**To:** 'Annas Sigmundsson'
**Subject:** RE: Leiðrétting - Árneshreppur - Byggðakvóti 2018/2019

Sjávarútvegsráðuneytið,
c/o Annas Jón Sigmundsson.

Samkvæmt bréfi ráðuneytisins frá 11.desember s.l. var Árneshreppi úthlutað 23 þorskígildistonnum fyrir fiskveiðiárið 2018-2019. Hreppsnefnd fannst mjög miður að okkur skyldu hafa verið sendar rangar tölur í upphafi þar sem til töldum að okkur hefði verið úthlutað 29 þorskígilditonnum í ljósi þess að Árneshreppur hefur verið tekinn inn í verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir. En við deilum ekki við dómarann, ég vildi bara að þetta viðhorf okkar kæmist til skila.

Við eigum sem áður í miklum erfiðleikum þegar kemur að byggðasjónarmiðum, það er erfitt að upplifa fækkun íbúa ár eftir ár. Nú er vandi okkar bæði félagslegur, vegna þess hve fá við erum og rekstrarlegur þar sem ekki er einfalt að eka svo fámennt byggðarlag.

Hreppsnefnd Árneshrepps óskar eftir því að settar verði sérreglur um úthlutun byggðakvótans til Árneshrepps með eftirfarandi hætti;
Ákvæði reglugerðar nr. 604 frá 3 júlí 2017 gildi um úthlutun byggðakvóta Árneshrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum;

a) Akvkæði 1.málsl. 1.mgr. 6.gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. September 2018 til 31. Ágúst 2019.
b) 2., 4. og 8.mgr. 6.gr. reglugerðarinnar falla brott.

Vonast ég eindregið að við þessu verði orðið, en við látin vita ef við þurfum að reifa málið eitthvað frekar. Ég hef haft til hliðsjónar fyrri bréfaskipti á milli sveitarfélagsins og ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,
f.h. hreppsnefndar Árneshrepps,
Eva Sigurbjörnsdóttir.

**Eva Sigurbjörnsdóttir**
Oddviti
Árneshreppur
S: 451-4001

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda hans, eða þeim sem efni hans ber með sér að hann hafi verið ætlaður. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa efni þeirra né skrá þau hjá þér né notfæra þau á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að þau hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu geta varðað bótaábyrgð og refsingu skv. 74. gr. laganna.

**From:** Annas Sigmundsson [mailto:annas@anr.is]
**Sent:** 12. desember 2018 16:16
**To:** Árneshreppur
**Subject:** Fw: Leiðrétting - Árneshreppur - Byggðakvóti 2018/2019

Tilvísun í mál: ANR18100022